

**3470. fundur bæjarráðs, haldinn í Miðjunni, Dalbraut 4,
30. september 2021 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Elsa Lára Arnardóttir formaður, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Rakel Óskarsdóttir aðalmaður, Sævar Freyr Þránínsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Valgarður L. Jónsson tekur þátt í fundinum í fjarfundi og samþykkir fundargerðina í lok fundar með rafrænum hætti.

Fyrir tekið:

1. 2101067 - Fundargerðir 2021 - Menningar- og safnanefnd

98. fundur menningar- og safnanefndar frá 21. september 2021.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

2. 2105198 - Viðburðir 2021

Erindi menningar- og safnanefnar um viðburðahald á Akranesi.

Sædís Alexía Sigurmundsdóttir situr fundinn undir fundarliðum nr. 2. til og með nr. 4.

Lagt fram.

Bæjarráð vísar erindinu til fjárhagsáætlunargerðarinnar.

Samþykkt 3:0

3. 2109211 - Þjónustuapp sveitarfélaga - samstarf og þróun

Sædís Alexía Sigurmundsdóttir skrifstofustjóri kynnir stöðu verkefnisins um samstarf og þróun þjónustuapps sveitarfélaga.

Bæjarráð þakkar áhugaverða kynningu og telur verkefnið mikilvægt með tilliti til að bæta þjónustu Akraneskaupstaðar.

4. 2003067 - Tjaldsvæði í Kalmansvík

Málefni Tjaldsvæðisins í Kalmansvíks, sumarið og næstu skref.

Sædís Alexía Sigurmundsdóttir vikur af fundi.

Bæjarráð samþykkir að rekstur tjaldsvæðisins fari í útboðsferli sem miði við að nýr samningur taki gildi þann 1. janúar næstkomandi.

Samþykkt 3:0

Bæjarráð samþykkir að núverandi rekstraraðili fái afslátt sem nemur einum mánuði í leigu og er það gert vegna áhrifa heimsfaraldursins á reksturinn.

Samþykkt 3:0

5. 2102057 - Mánaðaryfirlit 2021

Mánaðaryfirlit janúar til ágúst 2021.

Kristjana Helga Ólafsdóttir deildarstjóri fjármála situr fundinn undir fundarliðum nr. 5 og nr. 6.

Lagt fram.

6. 2106179 - Fjárhagsáætlun 2022 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2023-2025

Kristjana Helga Ólafsdóttir vikur af fundi.

Áframhaldandi vinna við gerð fjárhagsáætlunarinnar verður á næsta fundi bæjarráðs þann 14. október næstkomandi.

Gjaldskrárnar fara til umræðu í fagraðunum í viku 40.

Samþykkt 3:0

7. 2109184 - Heimsmarkmið í sveitarfélögum - innleiðing

Stuðningsverkefni vegna innleiðingar heimsmarkmiða í sveitarfélögum.

Bæjarráð felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins og að sækja um stuðningsverkefni um innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Verkefnið er unnið í samvinnu við Samband Íslenskra sveitarfélaga.

Samþykkt 3:0

8. 2009128 - Reglur Akraneskaupstaðar um íþrótt- og tómstundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum.

Á 160. fundir velferðar- og mannréttindaráðs þann 16.9.2021 voru teknar fyrir reglur Akraneskaupstaðar um íþrótt- og tómstundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum.

Félagmálaráðuneytið úthlutar út árið 2021, samkvæmt tímabundinni fjárheimild í fjárlögum fyrir árið 2021 og lögum nr. 158/2020, um afmarkaðar og tímabundnar ráðstafanir til að bregðast við áhrifum COVID-19 faraldursins, sérstökum íþrótt- og tómstundastyrkja til barna frá tekjulágum heimilum til að auka jöfnuð til íþrótt- og tómstundastarfs. Sveitarfélög setja reglur um um framkvæmdina.

Akraneskaupstaður hefur sett sér reglur í samræmi við leiðbeiningar Sambands Íslenskra sveitarfélaga um úthlutun styrksins. Lögð er fram breyting á núverandi reglum í samræmi við fyrirliggjandi breytingar á fyrirkomulagi á úthlutun styrksins haustið 2021.

Velferðar- og mannréttindaráð samþykkti fyrirliggjandi drög að reglum Akraneskaupstaðar um íþrótt- og tómstundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum og vísar þeim til afgreiðslu í bæjarráði.

Bæjarráð samþykkir reglur Akraneskaupstaðar um íþrótt- og tómstundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum og vísar til bæjarstjórnar til endanlegrar samþykktar.

Samþykkt 3:0

9. 2106032 - Úthlutun lóða (Skógarhverfi áfangi 3A)

Einbýlishúslóðinni Akralundur 30 hefur verið skilað inn. Það var gert eftir að umsóknarfrestur var runninn út vegna úthlutunarinnar sem framkvæmd var þann 16. september síðastliðinn og því ekki unnt að hafa hana með þar.

RÓ vísar af fundi undir þessum lið. Fundarmenn gera ekki athugasemd við ákvörðunina.

Bæjarráð samþykkir að byggingarlóðin Akralundur 30 fari til úthlutunar á lóðavef Akraneskaupstaðar og að úthlutun verði með hefðbundnum hætti samkvæmt reglum Akraneskaupstaðar um úthlutun lóða. Lóðin verði sett á vefinn mánudaginn 11. október næstkomandi kl. 12:45.

Samþykkt 2:0

RÓ tekur sæti á fundinum á ný.

10. 2107265 - Bjarni Ólafsson Ak 70 skipaskrárnúmer 2909 - forkaupsréttur

Erindi frá Saga skipamiðlun ehf. um forkaupsrétt Akraneskaupstaðar vegna nýs tilboðs í Bjarna Ólafsson Ak 70.

Málið er varðar þetta tiltekna skip var til afgreiðslu hjá bæjarráði fyrir í sumar og féll ráðið þá á að falla frá forkaupsrétti sveitarfélagsins. Sú sala gekk hins vegar ekki eftir og því kemur málið að nýju til afgreiðslu en nú vegna fyrirhugaðar sölu til annars kaupsanda.

Bæjarráð samþykkir að falla frá forkaupsrétti sveitarfélagsins sbr. 3. mgr. 12. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 en núverandi lagaumhverfi tryggir sveitarfélögum einungis forkaupsrétt að fiskiskipum en ekki að þeim aflaheimildum sem kunna að fylgja viðkomandi fiskiskipi.

Bæjarráð vísar málinu til bæjarstjórnar Akraness til endanlegrar afgreiðslu en málið verður tekið fyrir hjá bæjarstjórn þann 12. október næstkomandi.

Samþykkt 3:0

11. 2109241 - Grundaskóli - hönnun á lausum kennslustofum

Samningur við Magnús H. Ólafsson og fyrirtækis hans Markstofa ehf. um greiðslur vegna nýtingar (til eignar) Akraneskaupstaðar á hönnun á lausum kennslustofum.

Bæjarráð samþykkir fyrirliggjandi samning Akraneskaupstaðar og Magnúsar H. Ólafssonar og Markstofa ehf., sem fela í sér útgjöld fyrir Akraneskaupstað samtals að fjárhæð kr. 1.000.000 að meðtöldum virðisaukaskatti.

Ráðstöfunin rúmast innan samþykkrar fjárveitingar til verkefnisins.

Samþykkt 3:0

12. 2109242 - Lækjarflói 20 - umsókn um byggingarlóð

Umsókn Merkjaklappar ehf. um úthlutun lóðar við Lækjarflóa 20 skv. markaðssamningi.

Bæjarráð fellst á úthlutun lóðarinnar til umsækjanda en lóðin er ein þeirra lóða sem markaðssamningur á milli Merkjaklappar ehf. og Akraneskaupstaðar tekur til sbr. afgreiðslu bæjarsjórnar Akraness þann 25. maí síðastliðin á fundi nr. 1334, dagskrárliður nr. 4.

Samþykkt 3:0

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 12:45.